

Tæknisetur ehf

Ársreikningur 2024

Tæknisetur ehf
Kt. 440621-1040
Árleyni 2-8
112 Reykjavík

Efnisyfirlit

Áritun Ríkisendurskoðunar	3-4
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	5
Rekstrarreikningur ársins 2024	6
Efnahagsreikningur 31/12 2024.....	7
Sjóðstreymisyfirlit 2024.....	8
Skýringar	9-12
Sundurliðunir	13

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Tækniseturs ehf.

Álit

Ársreikningur Tækniseturs ehf. fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Tækniseturs ehf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Tækni-setri ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Tækniseturs ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, maí 2025

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi
(undirritað rafræn)

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

TækniSETUR ehf. er óhagnaðardrifið einkahlutafélag, alfarið í eigu ríkisins. TækniSETUR byggir á fyrrum starfsemi og tækjabúnaði Efnis, líf- og orkutækni og Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og tók við starfsfólki, réttindum og skyldum sem tengdust þeirri starfsemi, s.s. rannsóknnum, þróunarverkefnum og þjónustumælingum árið 2021.

Í dag eru yfir þrjátíu tæknifyrirtæki með aðstöðu á TækniSETRI. Þessi fyrirtæki starfa á breiðu sviði en eiga það flest sammerkt að vera í tækniþróun og hafa hag af því að nýta þá aðstöðu sem í boði er á TækniSETRI. Horft er til þess að TækniSETUR geti komið að bættu aðgengi að og/eða rekstri rannsóknarinnviða í víðara samhengi, óháð staðsetningu, með faglegri umgjörð og byggt á samstarfssamningum.

Undir lok árs 2021 var gerður þjónustusamningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og TækniSETURS sem gildi til ársloka 2023. Undirritaður hefur verið nýr þjónustusamningur milli TækniSETURS og Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins sem nær yfir tímabilið 2024-2026 og byggir alfarið á þeim eldri.

Hlutverk TækniSETURS er að auðvelda framþróun og verðmætasköpun á sviði hátækni með því að bjóða uppá víðtækan aðgang að nauðsynlegri aðstöðu og innviðum til rannsókna og nýsköpunar. TækniSETUR hefur til þessa jafnframt það hlutverk að annast rekstur og tryggja jafnt aðgengi að frumkvöðlaaðstöðu (húsnæði og tækjabúnaður) á sviði hátækni, verkfræði, raunvísinda og skyldra greina, og vera leiðandi samstarfsaðili hátækninýsköpunar á Íslandi. TækniSETUR getur ekki gert langtímasamninga þar sem aðstaðan er einungis til umráða yfir tíma þjónustusamningsins (eða út árið 2026) að auki er er framtíð fasteignanna ekki skýr vegna áforma um Borgarlínu á þessu svæði. Þó nokkur áhætta felst í leigusamningum við TækniSETUR enda frumkvöðlafyrirtæki á fyrri stigum ekki með fyrirsjáanleika og talsverða áhættu í rekstri.

Í október 2023 sendi stjórn TækniSETURS áskorun á stjórnvöld vegna óvissu í mannvirkjarannsóknnum. Til að koma í veg fyrir að sú þekking sem þó er til staðar í TækniSETRI glatist ekki heldur verði fræ í umfangsmeiri starfsemi er brýnt að ákvörðun sé tekin hið fyrsta um framtíð mannvirkjarannsókna, ábyrgð, fyrirkomulag og fjármögnun. Áframhaldandi óvissa grefur undan tækifærum til uppbyggingar og hægt og bítandi er verðmæt þekking að glatast. Á árinu 2024 var velta félagsins kr 424,7 milljónir og afkoma kr 14,3 milljónir. Niðurstaða efnahagsreiknings er hrein eign kr 281,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr 446,3 milljónir.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning TækniSETURS ehf. fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, maí 2025

Stjórn:

Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir

Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir

Páll Ragnar Jóhannesson

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir

Sigurður M. Garðarsson

Framkvæmdastjóri:

Guðbjörg H. Óskarsdóttir

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur:			
Rekstrartekjur	3	424.660.675	463.087.602
Rekstrartekjur samtals		424.660.675	463.087.602
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	219.211.466	232.841.360
Annar rekstrarkostnaður	10	184.165.715	188.184.919
Afskriftir	5	17.627.147	14.244.240
Afskrifaðar kröfur		936.071	0
Rekstrargjöld samtals		421.940.399	435.270.519
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		 2.720.276	 27.817.083
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		12.548.876	9.868.077
Vaxtagjöld		(223.453)	(286.413)
Gengismunur		(698.331)	805.738
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		11.627.092	10.387.402
 Hagnaður ársins		 14.347.368	 38.204.485

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	2024	2023
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innanstokksmunir/tölvubúnaður	5	4.152.090	4.613.433
Rannsóknartæki	5	118.593.832	81.238.580
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals		122.745.922	85.852.013
Rekstrarfjármunir samtals		122.745.922	85.852.013
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur	7	35.027.032	76.212.839
Vörslufé vegna verkefna	7	105.657.907	146.156.882
Handbært fé	7	182.869.698	152.120.993
Veltufjármunir samtals		323.554.637	374.490.714
Eignir samtals		446.300.559	460.342.727
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Hlutfé		212.446.083	212.446.083
Lögbundinn varasjóður		1.434.737	0
Óráðstafað eigið fé		67.763.623	54.850.993
Eigið fé samtals	8	281.644.443	267.297.076
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	9	78.141.829	46.888.769
Vörslufé (skuldbinding) vegna verkefna	9	86.514.287	146.156.882
Skammtímaskuldir samtals		164.656.116	193.045.651
Eigið fé og skuldir samtals		446.300.559	460.342.727

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		14.347.368	38.204.485
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		17.627.147	14.244.240
Veltufé frá rekstri		31.974.515	52.448.725
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Birgðir (hækkun) lækkun			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		81.684.782	49.255.142
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(28.389.535)	(62.279.606)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		53.295.247	(13.024.464)
Handbært fé frá rekstri		85.269.762	39.424.261
Fjárfestingarhreyfingar:			
Rannsóknartæki	5	(54.521.056)	(4.676.569)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		(54.521.056)	(4.676.569)
Breyting handbærs fjár á árinu			
Handbært fé í ársbyrjun		152.120.993	117.373.301
Handbært fé í árslok		182.869.698	152.120.993

1. Starfsemi

Tæknisetur ehf. er einkahlutafélag stofnað með heimild í 2. gr. laga um opinberan stuðning við nýsköpun nr. 25/2021 og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er að fullu í eigu ríkissjóðs og fer fjármála – og efnahagsráðherra með hlut ríkisins í félaginu.

Tilgangur félagsins er að annast rekstur tækniseturs á sviði hátækni, verkfræði, raunvísinda og skyldra greina og að vera leiðandi stuðningsaðili hátækninýsköpunar á Íslandi. Hlutverk félagsins er að starfrækja rannsóknar- og tækjaaðstöðu fyrir atvinnulíf, háskóla og rannsóknarstofnanir. Félagið stundar iðnaðarrannsóknir, prófanir, vottanir og fræðslu auk þess að skapa sér forsendur til að þróa starfsemina með áherslu á rannsóknir, þróun og nýsköpun í þeim tilgangi að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Félagið er óhagnaðardrifið. Hagnaði af rekstri félagsins skal aðeins ráðstafað til eflingar og uppbyggingar starfseminnar í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur út arður úr félaginu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/2019. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

Rekstrartekjur eru vegna seldrar sérfræðivinnu og leigutekna af húsnæði, tækjum og búnaði. Leigutekjur af húsnæði, tækjum og búnaði eru færðar í samræmi við leigusamninga eða á því tímabili sem þær falla til. Tekjur vegna rannsóknarverkefna eru færðar í lok þess tímabils sem vinna þeirra er gerð upp. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

Erlendar eignir og skuldir

Eignir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en eins árs teljast til handbærs fjár.

Skýringar frh.

3. Tekjur	2024	2023
Þjónustusamn. við ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar		
Þjónustusamn. við ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar	118.000.000	110.000.000
Seld þjónusta		
Tekjur af rannsóknar og þróunarverkefnum	143.438.610	203.149.431
Seld þjónusta	70.984.818	64.892.263
Framlag innlendra aðila vegna tækjakaupa	11.155.725	
Húsaleiga, tækja- og áhaldaleiga		
Húsaleiga	71.116.236	64.262.662
Áhaldaleiga til frumkvöðla	73.237	274.250
Tekjur vegna mótuneytis	9.892.049	20.508.996
Tekjur samtals:	424.660.675	463.087.602

4. Starfsmannamál

Laun og annar starfsmannakostnaður á árinu 2024. Meðalfjöldi ársverka var 14 samanborið við 15 árið 2023 og fjöldi starfsmanna í árslok var 13. Laun framkvæmdastjóra án launatengdra gjalda námu 19,7 m.kr. á árinu 2024.

	2024	2023
Laun	174.094.792	177.645.238
Stjórnarlaun	5.475.000	5.400.000
Dagpeningar	2.003.899	1.836.069
Launatengd gjöld	38.867.430	40.193.389
Annar starfsmannakostnaður	1.608.217	2.136.176
Breyting orlofsskuldbindingar	(1.078.662)	5.630.488
Eignfærsla launa	(1.759.210)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	219.211.466	232.841.360

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Breyting varanlegra rekstrarfjármuna á árinu greinist þannig:

	Áhöld/tæki og innréttingar	Rannsóknartæki	Samtals:
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	10.565.508	152.469.464	163.034.972
Eignfært á árinu	0	54.521.057	54.521.057
Staða í árslok	10.565.508	206.990.521	217.556.029
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	5.952.075	71.230.885	77.182.960
Afskrift ársins	461.343	17.165.804	17.627.147
Staða í árslok	6.413.418	88.396.689	94.810.107
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	4.613.433	81.238.579	85.852.012
Bókfært verð í árslok	4.152.090	118.593.832	122.745.922
Afskriftarhlutfall	10%	10-15%	

6. Skattamál

Tæknisetur ehf mun sækja um staðfestingu þess efnis að félagið teljist til óskattskyldra aðila skv 4. gr laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Umsókn er send samhliða framtalsskilum og því er ekki gert ráð fyrir greiðslu tekjuskatts vegna rekstrarniðurstöðu ársins.

Sambærileg umsókn var samþykkt af Skattinum vegna rekstrarársins 2023.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2024	31.12.2023
Almennar viðskiptakröfur	24.945.958	72.368.263
Viðskiptakröfur samtals	24.945.958	72.368.263
Aðrar skammtímakröfur		
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	5.385.027	2.551.880
Óinnheimtur VSK v sérfræðipjónustu	4.696.047	1.292.696
Aðrar skammtímakröfur samtals:	10.081.074	3.844.576
Vörslufé vegna verkefna		
Vörslufé vegna verkefna	105.657.907	146.156.882
Vörslufé vegna verkefna samtals:	105.657.907	146.156.882
Handbært fé		
Bankainnistæður í íslenskum krónum	174.088.038	149.860.439
Bankainnistæður í erlendra mynt	8.781.660	2.260.554
Handbært fé samtals	182.869.698	152.120.993

8. Eigið fé

Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningum:

2024	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hlutfé	212.446.083	0	54.850.992	267.297.075
Lögbundinn varasjóður	0	1.434.737	(1.434.737)	0
Hagnaður ársins	0	0	14.347.368	14.347.368
Eigið fé 31. desember 2024	212.446.083	1.434.737	67.763.623	281.644.443
2023	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023	212.446.083	0	16.646.507	229.092.590
Hagnaður ársins	0	0	38.204.485	38.204.485
Eigið fé 31. desember 2023	212.446.083	0	54.850.992	267.297.075

Skýringar frh.

9. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31.12.2024	31.12.2023
Innlendar viðskiptaskuldir	13.266.800	13.893.510
Viðskiptaskuld vegna kaupa á rafeindasmásjá	33.154.816	0
Viðskiptaskuldir samtals:	46.421.616	13.893.510

Aðrar skammtímaskuldir

Ógreiddur virðisaukaskattur	3.035.656	3.079.331
Ógreidd laun og launatengd gjöld	8.330.759	8.483.468
Orlofsskuldbinding	20.353.798	21.432.560
Aðrar skammtímaskuldir samtals:	31.720.213	32.995.359

Vörslufé vegna verkefna

Innlendar viðskiptaskuldir	86.514.287	146.156.882
----------------------------------	------------	-------------

10. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Húsnæðiskostnaður	108.184.168	103.164.003
Verkefnakostnaður	30.145.750	25.872.320
Skrifstofukostnaður	22.676.406	23.373.071
Annar kostnaður	23.159.391	35.775.525
Annar rekstrarkostnaður samtals	184.165.715	188.184.919

Sundurliðun rekstrarkostnaðar

Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Bækur og ritföng	307.815	0
Ýmis tæki og áhöld	2.377.733	1.348.638
Varahlutir vegna tækja og áhalda	3.746.311	7.346.651
Rafmagn	9.631.378	7.677.232
Heitt vatn	6.242.197	5.489.297
Vatnsgjald	4.729.126	4.041.858
Rekstur mótuneytis	15.965.104	26.022.179
Hreinlætisvörur	1.237.330	1.442.192
Efni til rannsókna / vörukaup vegna verkefna	26.617.312	23.071.737
Fundir, námskeið og félagsgjöld	966.440	492.987
Ferðakostnaður	1.737.065	1.713.220
Bílaleigubílar, hóp bifreiðar	131.595	431.814
Sérfræðipjónusta	13.082.312	13.928.516
Hugbúnaðarþjónusta	8.321.429	7.956.266
Öryggisgæsla	4.822.599	3.754.040
Þjónustugjöld banka	90.756	175.635
Annar kostnaður án vsk	643.811	226.039
Auglýsingar	79.260	21.638
Póstur og prentun	0	13.109
Símakostnaður	1.106.893	1.088.155
Gjafir og framlög	48.374	374.042
Hýsing og afnot af skráum	437.637	575.100
Snjómokstur	6.124.540	4.541.103
Sendibifreiðar	321.700	235.190
Viðhald húsnæðis	33.152.864	30.802.551
Meindýravörn, umhirða lóðar	0	2.889.097
Ræsting, sorphreinsun og þvottahúspjónusta	14.475.899	16.107.425
Endurskoðun.....	1.972.335	1.678.508
Fasteignagjöld	25.795.900	24.740.700
Annar rekstrarkostnaður samtals:	184.165.715	188.184.919